

Tillögur fyrir bæjarstjórnarfund 20. júní 2018

Lagðar fram eftirfarandi tillögur bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra:

1. Aukinn afsláttur á gjöldum barnafjölskyldna

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að systkinaafsláttur á leikskólagjöldum verði aukinn frá og með næsta fjárhagsári og systkinaafsláttur á skólamáltíðum tekinn upp. Því er beint til fræðsluráðs að vinna að útfærslu tillögunnar. Lægri gjöld í þjónustu til barna er brýnt hagsmunamál barnafjölskyldna í bænum.

2. Uppbygging á hafnarsvæðinu

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu í nýlokinni hugmyndasamkeppni um Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði. Í tillögunum eru settar fram hugmyndir til uppbyggingar með iðandi mannlífi í sátt við atvinnustarfsemi á skipulagssvæðinu. Mikilvægt er að fylgja þessum tillögum eftir með áframhaldandi skipulagsvinnu.

3. Hreinni og umhverfisvænni bær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að áfram verði settur aukinn kraftur í hreinsun og fegurð bæjarins. Sérstök áhersla verði á hreinsun og umgengni á iðnaðarsvæðum bæjarins og lóðarhafar hvattir til að huga að umgengni á lóðum sínum. Hafnarfjarðarbær eykur fjármagn til fegurunar í þessum hverfum bæjarins og til viðhalds gatna og mannvirkja bæjarins. Hrein og snyrtileg iðnaðar- og þjónustuhverfi laðað fyrirtæki og viðskiptavinum.

4. Menntasetrið við Lækinn

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að gerð verði úttekt á ástandi byggingar Menntasetursins við Lækinn (gamla Lækjarskóla) og viðhalds- og endurbótaþörf metin og kostnaðargreind. Einnig verði unnar tillögur að framtíðarstarfsemi í húsinu.

5. Fjölmeningarráð Hafnarfjarðar og móttökuáætlun nýbúa

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að gerð verði móttökuáætlun fyrir innflytjendur og að fjölmeningarráð verði tekið til skoðunar með það að markmiði að það hafi styrk til að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni og hagsmuni innflytjenda. Fjölskylduráði verði falið að taka málið til frekari skoðunar.

6. Starfsaðstæður starfsmanna leik- og grunnskóla

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að áfram verði unnið að því að bæta starfsaðstæður kennara í leik- og grunnskólum með það að leiðarljósi að minnka álag í starfi og efla faglega forystu kennara og að farið verði í vinnu við að greina álagsþætti í störfum annarra starfsmanna.